



Til velferðarráðs

Kópavogi, 9. maí 2025
2504798/103.03 Sp

Efni: Tillaga um breytingu á gjaldtöku vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks

Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 11617/2022 frá 18. apríl 2023 var komist að þeirri niðurstöðu að í gjaldskrá Reykjavíkurborgar hafi ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti að gjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks væri sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í skilningi lokamálsliðar 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í lokamálslið 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu segir að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skuli setja og gjaldið skuli vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði. Umboðsmaður taldi að ákvæðið yrði að túlka þannig að ekki væri nægjanlegt að gjald væri miðað við gjaldskrá fyrir almenningssamgöngur ef það leiddi til þess að fatlað fólk þyrfti í reynd að greiða verulega meira en aðrir fyrir það að komast ferða sinna. Í álitum umboðsmanns Alþingis kom m.a. fram:

Líkt og áður er rakið er í reglum og gjaldskrá Reykjavíkurborgar einungis gert ráð fyrir að notendum akstursþjónustu fatlaðs fólks standi til boða að greiða fyrir stakar ferðir, þ.e. annaðhvort fyrir „fasta ferð“ eða „tilfallandi ferð“, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglna nr. 645/2020 og 1. gr. þágildandi gjaldskrár nr. 1468/2020, sbr. jafnframt 1. gr. núgildandi gjaldskrár nr. 1311/2022. Samkvæmt gjaldskránni greiðir notandi þjónustunnar hálf almennt gjald hjá Strætó bs. fyrir ferðina, þ.e. 275 kr. Sé tilfallandi ferð með þjónustunni pöntuð samdægurs er þó greitt fullt almennt gjald, þ.e. 550 kr. Því er ljóst að notanda þjónustunnar, sem mögulega sér fram á að nota hana töluvert, stendur ekki til boða að nýta sér aðra möguleika, t.a.m. að meta hvort hagstæðara sé að greiða fyrir tímabilskort, heldur stendur honum einungis til boða að skipuleggja ferðir með fyrirvara og greiða hálf almennt gjald fyrir ferðina, 275 kr., eða panta ferð samdægurs og borga þá fyrir hana fullt gjald, 550 kr.

Samkvæmt framangreindu stendur fötluðu fólki ekki til boða að meta og ákveða sjálf, miðað við aðstæður þess hverju sinni, hvort það hagræði sem getur falist í notkun tímabils korta eða annars konar magnafslætti henti því. Til lækkunar á fargjaldi, í hálf almennt gjald, getur þannig aðeins komið ef ferð er skipulögð með fyrirvara. Að öðru leyti stendur fötluðu fólki ekki til boða að nýta sér aðra möguleika til lækkunar fargjalda, sjái það t.a.m. fram á töluverða notkun á akstursþjónustu. Því verður ekki annað séð en að fatlað fólk sem notar akstursþjónustu reglulega þurfi í reynd að greiða töluvert hærra gjald fyrir þá þjónustu en þeir sem nýta sér almenningssamgöngur með tímabils korti Strætó bs.



Reykjavíkurborg, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær hafa brugðist við niðurstöðu umboðsmanns Alþingis og gert breytingar á gjaldskrá, en akstursþjónustan Pant sér um framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk fyrir sveitarfélögin fjögur. Breytingarnar eru tvennskónar, annars vegar hefur gjald fyrir staka ferð verið lækkað í 200 kr. og hins vegar er nú boðið upp á þrjár tegundir tímabils korta, árs kort (16 ára og eldri) á 33.600 kr., mánaðarkort á 3.360 kr. og nemakort (16 ára og eldri) á 33.600 kr. Þessi verð eru í samræmi við verð fyrir sambærilega þjónustu fyrir öryrkja hjá Strætó bs. Kópavogsbær og Hafnarfjarðarbær hafa keypt akstursþjónustu fyrir fatlað fólk af Teiti Jónassyni ehf. Hafnarfjarðarbær hefur ekki enn gert breytingar á gjaldskrá, en tillaga hefur verið lögð fyrir fjölskylduráð og til umsagnar notendaráðs. Ekki hafa verið gerðar breytingar hjá Kópavogsbæ. Í 3. gr. reglna um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi segir um gjaldtöku:

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó og greiðist til Kópavogsbæjar. Þeir sem fá úthlutað akstri á grunvelli samnings við Blindrafélagið greiða gjald í samræmi við það samkomulag til Blindrafélagsins. Sé þörf fyrir fylgdarmann er heimilt að innheimta sem svarar strætógjaldi fyrir hann.

Gjald fyrir akstursþjónustu sem veitt er vegna tímabundinnar hreyfihömlunar er ákveðin af velferðarráði og birt í gjaldskrá á heimasíðu bæjarins.

Í gjaldskrá Kópavogsbæjar vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk kemur fram:

Almennt gjald fyrir fólk með fötlun er fyrir hverja ferð helmingur af fargjaldi strætó (nú kr. 335 kr.) þetta verð á við:

- *Fastar ferðir pantaðar með dags fyrirvara (fyrir kl. 16:00 daginn áður)*
- *Kvöldferðir pantaðar fyrir kl. 16 á virkum dögum eða fyrir kl. 14 um helgar*

Ferðir sem kosta kr. 1.000 kr. aukalega:

- *Samdægurs ferðir, þ.e ferðir sem hafa ekki verið pantaðar fyrir klukkan 16 daginn áður.*
- *Kvöldferð sem er pöntuð eftir kl. 16 á virkum degi eða eftir kl. 14 um helgi, með a. m. k. 2ja tíma fyrirvara.*

Í ljósi ofangreinds álits umboðsmanns Alþingis er lagt til að gerðar verði breytingar á gjaldtöku Kópavogsbæjar vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk þannig að boðið verði upp á tímabils kort, annars vegar árs kort og hins vegar sex mánaða kort og miðað verði við verðskrá Strætó fyrir öryrkja. Því er lagt til að við 3. gr. reglna um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi bætist eftirfarandi ákvæði:

Gjald vegna árs korts skal miðast við árs kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Gjald vegna 6 mánaða korts miðast við við 60% af árs korti fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó hverju sinni. Árs kort og 6 mánaða kort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í.

Þá er lagt til að við gjaldskrá vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk bætist eftirfarandi ákvæði:

Árs kort kostar nú 33.600 kr. og 6 mánaða kort 20.160 kr. Tímabils kort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í. Fyrir ferðir sem pantaðar eru samdægurs og fyrir kvöldferðir sem pantaðar eru eftir kl. 16 á virkum dögum eða eftir kl. 14 um helgar er



greitt almennt gjald ásamt 1.000 kr. aukalega. Ef ekki er mætt í bókaða ferð er greitt almennt fargjald.

Með því að bjóða upp á tímabilskort verður að telja að komið sé til móts við sjónarmið umboðsmanns Alþingis í ofangreindu álit.

Virðingarfyllst,

Salvör Þórisdóttir
Lögfræðingur

